

gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 184,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 184,00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 25% er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1. og 4.2., sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 122, 24. febrúar 1986, með gildistöku 1. janúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

Raforkuverð:

	Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
Almennir taxtar.			
A1 Almenn heimilisnotkun	1 305,00		3,19
A2 Almenn notkun.			
Öll alm. notkun ótalin annars staðar	1 305,00		3,72
A3 Mannvirkjagerð	1 305,00		5,13

Afltaxtar.

B1 Aflmæling	2 610,00		
Aflgjald		4 522,00	
Orkugjald			0,98
B2 Sértaxti Gefjunar	2 610,00	4 586,00	0,54/0,48
B3 Götu- og hafnarlýsing			

Hitataxtar.

C1	Rofin daghitun.		
	Roftími 2×1,30 klst.	2 610,00	1,26
C2	Rofin næturhitun.		
	Roftími 9 klst. á tímab. kl. 23 til 08	2 610,00	0,97
C3	Órofin hitun	2 610,00	2,51/1,58

Heimtaugagjöld.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Jarðstr. mm ²	Málstr. A.	Heimtaugargjöld	
		220 V kerfi kr.	380 V kerfi kr.
1× 6	25	6 210,00	6 210,00
3× 10	63	22 960,00	22 960,00
3× 50	125	36 000,00	37 800,00
3× 95	200	54 000,00	75 150,00
3×150	260	68 400,00	96 300,00
3×240	315	90 000,00	126 000,00
3×300	400	117 000,00	162 000,00

Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald	
			Jarðstrengur kr/m.	Loflína kr/stólpi
63 A	1-fasa	4 176,00	616,00	7 830,00
63 A	3-fasa	5 846,00	616,00	9 083,00
100 A	3-fasa	6 160,00	815,00	10 440,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi, hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 470,00.
Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 470,00.
3. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
4. Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari að undanteknum C-liðum.

Skýringar.

- A1 Taxi fyrir almenna heimilisnotkun. Heimilt er einnig að nota taxtann fyrir sjúkrahús og önnur dvalarheimili.
- A2 Taxi fyrir almenna notkun, sem ekki er getið um annars staðar.
- A3 Taxi fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.
- B1 Iðnaðartaxi. Þar sem vélaafl er að lágmarki 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári.
Þessi taxi er ætlaður sem vélataxi en er þó heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni og bætist þá við gólfplatargjald, 52,00 kr/m².
Ef sú notkun er óeðlilega stór hluti af heildarnotkuninni, er heimilt að margfalda gólfplatargjaldið samkv. ákvörðun rafveitunnar.
- B2 Taxi fyrir sölu á 11 kV.
- B3 Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu er ákveðið af bæjarstjórn.
- C1 Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- C2 Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu 08 til 23.
- C3 Órofin hitun.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123, 24. febrúar 1986 með gildistöku 1. janúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.